

haft afskipti af hans fjármálum og að hann hafi hlotið refsingu erlendis fyrir meðhöndlun lyfja og/eða fíkniefna.

Hann hefur og viðurkennt handhöfn og notkun tveggja gildra vegabréfa samtímis.

Rannsókn þykir þess utan þegar orðin umfangsmikil, en virðist þó hvergi lokið og eiginlegar samprófanir enn ekki tímabærar.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað fangelsisrefsingu. Þykja samkvæmt því og öðru ofangreindu ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu framlengds gæsluvarðhalds, en hins vegar í þágu þessarar rannsóknar, og enn fremur með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að Eyjólfur Jóhannsson sæti enn gæsluvarðaldi, sem hæfilega telst ákveðið allt að 15 dögum, reiknað frá kl. 1550 á morgun, er hinn fyrri úrskurður rennur út.

Úrskurðarorð:

Eyjólfur Örn Jóhannsson, fæddur 26. september 1954, til heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðaldi í allt að 15 dögum.

Miðvikudaginn 17. október 1979.

Nr. 57/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-saksóknari)

gegn

Guðleifi Sveini Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skírlífisbrot. Nauðgun. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Samkvæmt kröfugerð ákærvalds hér fyrir dómi koma ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 11. júlí 1974 og ákæruskjali 27. janúar 1977, I. tölulið, eigi til álita í Hæstarétti.

I.

Um ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 27. janúar 1977, II. tölulið.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að sakfella ákærða fyrir atferli það, sem honum er hér gefið að sök, með vísan til forsendna héraðsdóms. Varðar háttsemi hans við þau refsíákvæði, er greinir í dómnum.

II.

Um ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 13. desember 1977.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þau málalok, að ákærði sé sekur um brot á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna atferlis þess, er hér greinir.

III.

Ákæruefni samkvæmt ákæruskjali 22. nóvember 1977.

Í ofangreindu ákæruskjali er þess eigi getið, hvenær brot það, er ákærði er sakaður um, hafi verið framið. Ljóst er af gögnum málsins, að það var framið 15. desember 1976, og kom fram fullkomin vörn í héraði og fyrir Hæstarétti miðað við það. Samkvæmt því verður lagður dómur á þetta ákæratrði, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða vegna þessa ákæruefnis og fært háttsemina til refsíákvæða þeirra, er við eiga.

IV.

Refsing, önnur viðurlög o. fl.

Ákærði framdi brot það, er greinir í I hér að framan, hinn 13. október 1974. Eftir það sætti hann sekt í sakadómi Reykjavíkur 27. júní 1975 og 30. nóvember 1977, svo sem greinir í sakavottorði ákærða, sem tekið er upp í héraðsdómi. Enn fremur sætti hann 40.000 króna sekt í sakadómi

Keflavíkur hinn 26. janúar 1978 fyrir brot á 4. gr., 5. gr., 18. gr., 3. mgr. 48. gr. og 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði framdi brot það, er getur í II hér að framan, hinn 2. október 1977, en hann gerðist sekur um atferlið, sem um er fjallað í III, hinn 15. desember 1976.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Gæsluvarðhald ákærða frá 14. október 1974 til 28. nóvember s. á., 45 dagar, á að koma refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. til 9. febrúar 1974 kemur eigi til álita í þessu máli, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar sviptingu ökuleyfis, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar. Verjandi ákærða hefur sérstaklega andmælt skaðabótakröfunni. Rétt þykir að staðfesta héraðsdóm um þessi atriði með vísan til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti, sem honum er áfrýjað, þó þannig, að gæsluvarðhald ákærða, Guðleifs Sveins Kristjánssonar, í 45 daga komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. júní 1978.

Ár 1978, mánudaginn 19. júní, var á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið var á skrifstofu dómsins af Guðmundi Kristj-

ánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálunum nr. 1038, 1774-6 og 1938/1977: Ákærvaldið gegn Guðleifi Sveini Kristjánssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað með 4 ákæruskjölum á hendur Guðleifi Sveini Kristjánssyni, til lögheimilis að Faxabraut 25 í Keflavík, en dveljandi að Hofsvallagötu 19 í Reykjavík, fæddum 20. ágúst 1955 í Keflavík.

I. Með ákæruskjali, dags. 11. júlí 1974, er ákærða gefið að sök „nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 2. febr. 1974 með líkamlegu ofbeldi þröngvað stúlkunni A til holdlegs samræðis í herbergi að Greniteigi 8 í Keflavík.

Telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II. Með ákæruskjali, dags. 27. janúar 1977, er ákærða gefið að sök:

„I.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 5. ágúst 1974 gripið um kverkar stúlkunnar B, fæddrar . . . 1955, hert að hálsi hennar, uns hún féll í öngvit, og þröngvað henni þannig til holdlegs samræðis við tjald við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

II.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. október 1974 með ofbeldi reynt að þröngva stúlkunni D til holdlegs samræðis í kjallara samkomuhússins Rastar á Hellissandi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

III. Þá er ákærða með ákæruskjali, dags. 13. des. sl., gefið að sök að hafa framið „nauðgun með því að hafa sunnudagsnóttina 2. okt. 1977 með líkamlegu ofbeldi þröngvað stúlkunni E, . . ., til holdlegs samræðis í bifreið ákærða fyrir utan húsið nr. 14 við X-götu í Reykjavík.

Frmanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

IV. Loks er ákærða með ákæruskjali, dags. 22. nóv. sl., gefið að sök „að taka í heimildarleysi bifreiðina R 29378 og aka henni undir áhrifum áfengis frá Amtmannsstíg í Reykjavík um borgina, uns lögreglan stöðvaði ákærða á Laufásvegi við Hafnarfjarðarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. (sic), sbr. 80. gr.. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af flestum gerðum kröfum, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst hann frávísunar á bótakröfum, en til vara stórlegrar lækkunar þeirra. Málskostnaðar er krafist úr ríkissjóði.

I. Laugardagsmorguninn 2. febrúar 1974, um kl. 0630, var mætt á lögreglustöðinni í Keflavík A, . . . , fædd . . . 1956. Kærði hún ákærða fyrir nauðgun þá um nóttina að Greniteigi 8 í Keflavík. Kærandinn greindi lögreglunni frá atburði þessum og aðdraganda hans á þá leið, að kvöldið áður og nóttina hefði hún verið á dansleik í Grindavík. Að honum loknum hélt hún til Keflavíkur ásamt þremur piltum. Óku þau um bæinn nokkra stund, en fóru síðan að Greniteigi 8. Var klukkan þá um 0200. Kærandinn kvaðst hafa átt tal við ákærða alllanga stund í eldhúsi hússins á neðri hæð, en hún sagði hann hafa komið samtímis sér inn í húsið. Hann hefði síðan boðið sér að koma upp á efri hæð hússins, sem hún þáði, og bauð hann henni inn í herbergi þarna. Sagði A ákærða hafa kysst sig þarna einu sinni, og lét hún það afskiptalaust. Nokkru síðar kom inn í herbergið piltur, sem þarna mun eiga heima. Bað hann þau að fara út úr herberginu, þar sem þetta væri herbergi hans. Gerðu þau það og fóru í næsta herbergi. Strax og þangað var komið, kvað A ákærða hafa lagt sig í rúmið og klætt úr skóm, buxum og nærbuxum. Hefði hann haldið hendi sinni um munn hennar og oftast um nef líka á meðan, þannig að hún átti erfitt með að anda.

Ákærði hefði síðan klætt sig úr öllum fötum, en haldið henni allan tímann með annarri hendi. Hefði hann sagt henni, að hún skyldi varast að hrópa upp, því að hinir strákarnir, sem væru niðri, væru langtum verri en hann. A sagði, að þegar hér var komið, hefði einhver piltur opnað dyrnar að herberginu, en hún taldi hann líklega hafa heyrt sig hrópa á hjálp. Hefði ákærði sagt honum að fara, og slökkti pilturinn ljósið í herberginu, þegar hann fór. Minnti A, að ákærði hefði ekki verið búinn að færa sig sjálfan úr buxunum, er þetta varð.

A kvað ákærða síðan hafa lagst ofan á sig og haft aðra höndina á hálsi hennar og munni, þegar hún gerði tilraun til að hrópa á hjálp. Kvað hún ákærða hafa nauðgað sér þarna, og virtist henni sem hann hefði gert það fjórum sinnum, en alltaf lá hann þó ofan á henni. Var hún þess fullviss, að honum varð sáðfall í annarri tilraun. Ekki voru þó þessir atburðir ljósir í minni hennar, þar sem hún var alveg miður sín af hræðslu, en kvað ákærða hafa verið mjög ruddalegan í allri framkomu. Er hann hafði lokið sér af, klæddi hann sig, en skipaði henni að liggja, þar sem hún var. Sagði ákærði henni að vera kyrra í herberginu í 2 mínútur, því að hann ætlaði niður til þess að huga að hinum piltunum. Strax og ákærði var farinn út úr herberginu, kvaðst A hafa klætt sig og farið tafarlaust í næsta herbergi til þeirra, sem þar voru, en það var sá, sem áður hafði vísað þeim út úr herberginu, og stúlka, sem A ekki þekkti. Voru þau bæði sofandi. Sagðist A hafa sagt henni, að ákærði hefði nauðgað sér. Fór stúlkan með henni niður, þar sem A hringdi á leigubífreið og lét aka sér á lögreglustöðina.

A kvaðst hafa ælt af viðbjóði, meðan á samförunum stóð. Hún gat þess og, að áður en þau héldu upp á loftið, hefði hún reynt að hringja á leigubífreið, en ákærði hindrað það með því að rjúfa sambandið.

A tók það fram, að hún hefði einu sinni, á meðan nauðgunin stóð yfir, gert tilraun til þess að láta vel að ákærða í þeim tilgangi að hafa möguleika á að sleppa frá honum.

Framburður A fyrir dómi var mjög á sömu lund og hér hefur verið rakið. Hún kvað þau hafa dvalist í eldhúsinu í 15—20 mín. og hefði hún lítilliga rætt við ákærða þar. Reyndi hann að kyssa hana þarna, og kvaðst hún ekki hafa andmælt því. Síðan fóru þau upp í herbergið á efri hæð hússins. Hefði ákærði verið æstur, en ekki kvaðst hún hafa merkt nokkur áfengisáhrif á honum og hefði hann beðið sig að fara upp á efri hæðina. A

kvað þau hafa dvalist í um 15 mín. í herbergi F nokkurs þarna á loftinu, en hann hefði síðan komið með stúlku og beðið þau að fara út. Ekki mundi A glögg, hvort ákærði sat við hlið hennar eða á móti henni í herbergi F, en hann hefði kysst sig þar, þótt hún hefði mótmælt því. Ekki hefði hann farið höndum um hana eða verið á annan hátt ágengur. Þegar þau fóru út úr herberginu, hugðist A fara niður, en þá kvað hún ákærða hafa gripið sig og fært sig í annað herbergi þarna á loftinu. Hefði hún streist á móti án þess að hrópa upp, enda hafi henni ekki verið ljós tilætlan ákærða. Sagði hún ákærða hafa beitt sig valdi, eftir að þau komu inn í hitt herbergið, lokað hurðinni, gripið fyrir munn hennar og lagt hana á mjóan, en ósundurdreginn sófa, sem þarna var. Hefði hann gripið fyrir munn og nef hennar, klætt hana úr buxum og skóm og lagst ofan á hana. Sagðist hún hafa reynt að öskra eins og hún gat og hefði þá einu sinni komið í gættina ljóshærður piltur, sem slökkti ljósið og lokaði hurðinni. Sá hún framan í pilt þennan, en þekkti ekki og hefði hann ekki verið í húsinu áður að henni ásjáandi. Sagði hún ákærða hafa sagt pilti þessum að hafa sig á brott. A kvaðst hafa verið mjög hrædd, meðan á þessu stóð, og talið, að ákærði ætlaði að drepa sig. Hefði ákærði tekið fast fyrir kverkar henni og spurt hana, hvort hún ætlaði að vera góð. Kvað hún hann hafa stundum haldið svo fast, að hún hefði ekki náð andanum og sortnað fyrir augum. Hefði hann fært hana úr fötum í skyndingu og haldið henni niðri á meðan og jafnan hrint henni aftur niður í sófann, þegar hún reyndi að standa upp. Hefði ákærði haft við sig samfarir þarna oftár en einu sinni og sofnað á milli, en jafnan vaknað, er hún reyndi að komast burt. Ekki hefði hún sofnað, meðan á þessu stóð. A kvað útvarp hafa verið í herberginu og sennilega annað í næsta herbergi. Hún taldi sig engin hljóð hafa heyrt frá öðrum í húsinu, meðan á þessu stóð.

A kvað ákærða hafa beðið sig að biða í herberginu, er hann yfirgaf það um morguninn. Hefði hann sagt, að hinir piltarnir í húsinu væru helmingi verri en hann, og kvaðst A hafa skilið það svo, að þeir mundu einnig nauðga henni. Hún kvaðst hafa klætt sig, er ákærði fór út úr herberginu, og hefði henni gengið erfiðlega að vekja fólkið í næsta herbergi, sem hún sagði frá atburðum þessum. Sagði hún stúlkuna, sem þar var með nefndum F, hafa orðið undrandi, er hún heyrði frásögn hennar, og taldi sig ekki hafa orðið nokkurs vara. Hefðu þær síðan læðst

niður, engan fundið þar og því hringt á leigubifreið, sem ók henni á lögreglustöðina.

Ákærði hefur alla tíð mótmælt sakargiftum þessum alfarið. Hann sagði A hafa komið í húsið um klukkustund eftir að hann kom þangað. Kvaðst hann hafa farið að „reyna við“ A og hefði það gengið ágætlega. Fóru þau síðan upp á loft og inn í herbergi F. Um 10—15 mín. síðar kom F og bað þau að fara út úr herberginu, sem þau gerðu strax og héldu þá í næsta herbergi við hliðina. Eftir að þau komu inn í það herbergi, hefðu þau lagst upp í rúm, og kvaðst ákærði hafa klætt A úr bæði utanyfirbuxum og nærbuxum. Hefði hún engum mótmælum hreyft né reynt að hindra hann í að afklæða hana. Kysstust þau, á meðan á þessu stóð. Ákærði mundi, að títtnefndur F kom inn í herbergið og ætlaði að tala við hann, en ákærði kvaðst hafa beðið hann að tala seinna við sig og hefði hann þá farið. Ekki mundi ákærði, hvort F slökkti ljósið, er hann fór. Minnti hann, að hann hefði verið búinn að klæða A úr buxunum, er F kom inn, en ekki mundi hann það þó vel.

Ákærði kvaðst sðan hafa afklætt sig að neðan og hefði A þá verið róleg. Sagðist hann síðan hafa haft samfarir við hana og orðið sáðfall. Eftir þær hefðu þau bæði sofnað í rúminu, hlið við hlið. Lá hann fyrir ofan, nær veggnum.

Ákærði vissi ekki, hversu lengi hann svaf, en þegar hann vaknaði, kvaðst hann hafa vakið A og ætlað að hafa samfarir við hana aftur. Þá hefði hún argað og lamið hann. Kvaðst hann þá annað hvort hafa gripið fyrir munn hennar eða háls og spurt, hvort hún væri orðin brjáluð. Hefði hún spurt hann á móti, hvort hann væri að reyna að nauðga henni. Sagðist ákærði hafa svarað því neitandi og farið að klæða sig. Hefði A þá spurt hann, hvort hann ætlaði ekki að útvega henni far heim, en hann hefði svarað því neitandi. Kvað hann A hafa sagst ætla að kæra hann, um leið og hann yfirgaf herbergið. Ákærði sagði síðar í yfirheyrslunni, að hann myndi það núna, að hann hefði sagt A, að hann ætlaði að athuga, hvort hann gæti útvegað henni far. Fór hann niður, en þar sem enginn var þar, fór hann heim til sín.

Ákærði mótmælti því algerlega, að hann hefði tekið A nauðuga þarna. Kvað hann sér hafa virst hún taka fullan þátt í samförunum.

Við sjálfstæða yfirheyrslu fyrir dómi var framburður ákærða

í meginatriðum samhljóða skýrslu hans, sem hér á undan hefur verið rakin. Hann kvaðst hafa verið búinn að neyta um einnar flösku af Genever og fundið til áfengisáhrifa. Ekki kvaðst hann hafa tekið sérstaklega eftir því, hvort A var með áfengisáhrifum. Hann sagðist hafa kysst A nokkrum sinnum niðri í eldhúsinu og hefði hún ekkert haft við það að athuga. Fóru þau síðan fyrst upp í herbergi F, settust þar á rúm og röbbuðu saman. Taldi hann, að hann hefði kysst A eitthvað, en ekki gerst nærgöngull við hana að öðru leyti. Eftir 20—30 mín. dvöl í herberginu kom F og bað þau að fara út, og hélt ákærði því fram, að F hefði bent þeim á, að þau gætu farið inn í næsta herbergi. Hefðu þau farið út úr herberginu og gengið fram í ganginn, þar sem þau hugðust fara niður. Kvaðst ákærði hafa verið með útvarpstæki í hendinni, sem hann tók úr herbergi F. Áður en þau komu að stiganum, sagði hann, að sér hefði snúist hugur og hefði hann beðið A að koma inn í hitt herbergið. Hefði hún verið fús til þess að hans sögn, og neitaði hann því alfarið að hafa neytt aflsmunar í þeim tilgangi. Taldi hann, að hann hefði haldið í hönd hennar, er þau gengu inn í herbergið. Er inn í herbergið var komið, settust þau á sófa og röbbuðu saman. Minntist hann þess, að einu sinni hefði verið komið inn í herbergið. Hefði hann þá verið búinn að afklæða A að neðan og hún legið í rúminu. Ekki kvaðst hann minnst þess greinilega, hver inn kom, en hann hefði beðið viðkomandi að fara út. Ákærði var kynntur framburður G, sem síðar verður rakinn, varðandi þetta atriði, og kvaðst hann ekki muna eftir því, sem þar kemur fram. Ákærði kvað A engum mótmælum hafa hreyft, þegar hann færði hana úr fótunum, og hefði hún þá trúlega legið á sófanum, en hann hefði ekki haldið um hana á meðan eða beitt hana harðræðum. Kveðst ákærði síðan hafa afklætt sig og haft fullkomnar samfarir við A tvisvar til þrisvar sinnum og þau síðan sofnað hlið við hlið. Þegar ákærði vaknaði, hugðist hann hafa samfarir við A að nýju og vakið hana, en hún hefði þá argað og lamið hann. Sagðist hann þá hafa gripið um háls hennar og reynt að fá hana til að þegja, en hún þá spurt, hvort hann ætlaði að reyna að nauðga sér. Kvaðst ákærði síðan hafa klætt sig og farið gangandi heim.

Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við, að A kastaði upp, eins og hún sagðist hafa gert, og ekki minntist hann þess að hafa gert tilraun til að hindra A í að hringja, er þau voru stödd á neðri hæð hússins fyrr um kvöldið. Ákærði neitaði því eindreg-

ið, að um nauðgun hefði þarna verið að ræða, og kvað hann samfarir þeirra A hafa verið með fullum vilja hennar og hún tekið fullan þátt í þeim. Hann kveðst ekki hafa þekkt A áður. Þá kom fram hjá honum, að útvarpið, er hann tók með sér inn í herbergið, hefði ekki verið hátt stillt.

F, sem áður hefur verið nefndur, mætti sem vitni í máli þessu. Kvaðst hann hafa farið upp á loft, nokkru eftir að ákærði og A fóru þangað, og hefðu þau þá setið hlið við hlið á rúmi hans og hefði honum virst fara vel á með þeim. Sagðist hann hafa vísað þeim út úr herbergi sínu, en jafnframt sagt þeim, að þau gætu farið í eitthvert annað herbergi, sem hann kvað þau hafa gert tafarlaust. Vitnið kvaðst síðan hafa dvalist í herbergi sínu til kl. 0900 næsta morgun, en þá hefði hann frétt, að A hefði lent í vandræðum með ákærða og að hún hygðist kæra hann fyrir nauðgun. Vitnið kvað það ekki vera rétt, að hann hefði litið inn í herbergið, sem ákærði og A voru í, til þess að eiga tal við ákærða, og ítrekaði, að hann hefði ekkert farið út úr herbergi sínu.

Vitni þetta greindi fyrir dómi á sama hátt og hér hefur verið rakið, sjálfstætt aðspurt. Kvaðst F hafa verið mjög ölvaður umrædda nótt og sofnað þungum svefni, skömmu eftir að hann kom upp í herbergi sitt. Hann minntist þess ekki sérstaklega að hafa vísað ákærða og A inn í annað herbergi, þegar hann vísaði þeim úr sínu. Kvaðst hann ekki hafa fylgst með þeim, er þau gengu út úr herberginu, og sagðist ekki geta sagt um það, hvert þau fóru. Segist hann hafa lokað herbergishurð sinni, jafn skjótt og þau voru gengin út. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt tor-kennilegt hljóð og ekkert vitað um hinn kærða atburð fyrr en um morguninn eftir.

Áðurnefnd H segir í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að hún hafi komið að Greniteigi 8 ásamt F og ákærða. Hafi hún verið alsgáð, en þeir piltarnir mikið ölvaðir. Hún kvaðst hafa farið upp á loft með F og þau dvalist þar til kl. rúmlega 0200, en þá héldu þau niður og dvöldust þar í rúmlega eina klst. Sagðist hún þá hafa séð ákærða og A vera að tala saman í eldhúsinu. Er þau F fóru aftur upp á loftið og inn í herbergi hans, voru ákærði og A þar fyrir, og virtist H fara vel á með þeim. Ekki mundi hún, hvort þau sátu bæði á rúminu eða hvort A sat á stól þar rétt hjá. Hefði F vísað þeim út úr herberginu og þau farið rakleiðis bæði í næsta herbergi, en þau F því næst farið að sofa. Kvaðst H ekkert vita frekar um samskipti ákærða og

A fyrr en kl. rúmlega 0500, en þá kom A hágrátandi inn í herbergi til þeirra F, og virtist henni hún vera í miklu uppnámi. Hefði A sagst vera búin að hrópa á hjálp, því að ákærði hefði þá verið búinn að nauðga henni a. m. k. fjórum sinnum og hefði hún talið, að ákærði hefði farið til þess að ná í eitthvað til þess að drepa hana með. Sagðist H hafa reynt að róa A og farið með henni niður, þar sem þær hringdu á leigubifreið, en A hefði sagst ætla að kæra ákærða fyrir lögreglunni.

H kvað A hafa verið alklædda og í kápu sinni, er hún kom inn í herbergið til hennar. Ítrekaði hún, að A hefði verið í miklu uppnámi og m. a. sagt, að hún teldi, að ákærði væri geðbilaður og að ekki ætti að láta svona menn ganga lausa, og fleira í svipuðum dúr. H kvaðst aldrei hafa heyrt hróp eða hávaða frá herbergi því, er þau ákærðu dvöldust í, en það er við hlið herbergis F og aðeins veggur á milli. Þá kvað hún alla gestina hafa verið farna út úr húsinu, er þær A komu niður.

Framburður H fyrir dómi var samhljóða því, sem hér hefur verið rakið. Hún sagði frekar, að hún minntist þess, að F hefði farið fram á ganginn, eftir að þau voru komin inn í herbergið hans í síðara skiptið. Hefði hún greinilega heyrt F segja frammi á ganginum, að ákærði og A mættu fara inn í næsta herbergi, en síðan hefði hann komið inn og lokað herberginu. H kvaðst hafa sofnað u. þ. b. hálfri klst. síðar og hefði hún á þeim tíma ekki heyrt nokkur hróp eða umgang. Hún kvað útvarp hafa verið á í herbergi F, og einnig kvaðst hún hafa heyrt, að opið var fyrir útvarp í hinu herberginu, er A vakti hana síðar um nóttina.

G var einn þeirra, sem voru að Greniteigi 8 þessa nótt. Hann kvaðst hafa farið upp á loft um kl. 0300 og bankað á dyr herbergis þess, er ákærði og A dvöldust í, og opnað dyrnar rétt á eftir. Hefðu þau A setið hlið við hlið í rúminu. Hann kvað ljós hafa logað í herberginu og hefði hann spurt A, hvort hún ætti vindlinga, en ekki mundi hann, hverju hún svaraði eða hvort hún gaf honum vindling. Ekki mundi hann heldur frekari orðaskipti þarna. Að þessu búnu fór hann niður aftur. Nokkru síðar, eða eftir u. þ. b. hálfa klukkustund, fór hann upp aftur og bankaði á dyrnar. Kvað hann stúlkuna þá hafa sagt með venjulegum rómi, að því er honum virtist, „kom inn“, en ákærði hefði þá kallað „ekki koma inn“. Kvað hann ekkert annað hafa verið sagt þarna og hefði honum virst allt vera eðlilegt og farið við svo búíð og skömmu síðar yfirgefið húsið. Ekki kvaðst G hafa

slökkt ljósið í herbergi þeirra A og ákærða. Þá kvaðst hann sérstaklega aðspurður engan hávaða hafa heyrt frá herberginu, hvorki köll né aðra háreysti. G sagði, að herbergi það, sem þau A og ákærði dvöldust í, hefði verið við hliðina á herbergi F. Hann kvaðst lítillega hafa verið með áfengisáhrifum þessa nótt, en muna þó glögglega alla atburðarás. Ekki virtist honum A vera undir áhrifum áfengis.

Í lögregluskýrslunum er þess sérstaklega getið, að G sé ljóshærður.

Fyrir dómi bar G á sama hátt og hér hefur verið rakið. Giskaði hann á, að hann hefði farið upp á efri hæðina um kl. 0300 til að fá vindling, en fyrr um kvöldið hefði A gefið honum að reykja. Hefði hann staðið á stigapallinum og hlustað eftir einhverju hljóði, sem gæfi vísbendingu um, hvar A væri. Hefði hann bankað á dyr herbergis þess, sem innst var á ganginum vinstra megin, eftir að hafa heyrt mannamál þar fyrir innan, og síðan opnað hurðina. Sagðist G ekki hafa heyrt annað en allt væri eðlilegt. Hefðu ákærði og A setið hlið við hlið á svefnsófa. Hefði hún verið alklaedd í dökkri kápu og ákærði setið á sófanum nær dyrunum og hefði hann ekki haldið utan um hana eða í hana, er vitnið kom inn. G mundi ekki, hvort hann fékk vindling eða ekki. Hann sagðist hafa farið upp á loftið aftur um hálfri klukkustund síðar, bankað á sömu herbergisdýrnar og hefði stúlkan þá sagt „kom inn“, en ákærði sagði „ekki koma inn“, en það hefði hann einnig sagt í fyrra skiptið, er vitnið bankaði. Kveðst G ekki hafa opnað dýrnar í þetta sinn og ekkert fleira hefði hann heyrt sagt. Hefði hann ekki orðið var neinnar háreysti eða við, að eitthvað óeðlilegt væri að gerast í herberginu.

I hljómlistarmaður kvaðst hafa komið að Greniteigi 8 um kl. 0100 umrædda nótt. Hefði hann verið alsgáður. Hann kvaðst ekki þekkja A og minntist þess ekki að hafa séð hana á staðnum. Ekki sagðist hann hafa farið upp á efri hæð hússins, meðan hann dvaldist þarna í umrætt sinn, og ekki orðið var við, að neitt óeðlilegt væri þar að gerast.

J kom samtímis A á Greniteig 8 í umrætt sinn. Hefði hann verið með áfengisáhrifum, en ekki drukkinn. Dvaldist hann þarna í hálfu til eina klukkustund og ræddi m. a. við ákærða, sem þá var að spjalla við A. Virtist J fara vel á með þeim. Hann kvað þau enn hafa verið á neðri hæð hússins, er hann yfirgaf það um nóttina og hélt heim til sín.

Læknir skoðaði A kl. 0600 umræddan morgun vegna atviks

þessa. Segir í vottorði hans, að hún hafi verið alklædd, í dökkum stuttjakka, síðbuxum, lágum sokkum, skóm, stuttermápeysu, brjóstahaldara og nærbuxum. Föt voru heil og ekki sjáanleg merki á þeim um átök. Engir áverkar finnast í andliti, handleggjum, höndum, lærum, fótleggjum eða bol, en hins vegar voru dreifðir roðablettir í húð á hálsi, öxlum ofanverðum og framanverðum og ofanverðri bringu. Engir áverkar voru á brjósti og ekki heldur á kynfærum utan ca 1 cm grunn sprunga í slímhúð fossa navicularis (vestibuli vaginae), eins og segir í vottorði læknisins. Lifandi sáðlar fundust við smásjárannsókn, og var niðurstaða læknisins sú, að samfarir hefðu verið hafðar við A á þessum sama sólarhring.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið sig við það, að samfarir þeirra A hafi verið með vilja hennar. Hafi þær orðið oftár en einu sinni þessa nótt. Ákærði viðurkennir að hafa annað hvort gripið um munn A eða háls hennar, er hann vildi enn hafa við hana samfarir, eftir að þau höfðu sofið einhverja stund. Hefðu þær ekki átt sér stað, þar sem A var þeim mótfallin.

Kærandinn A hefur einnig haldið sig við framburð sinn, en þegar það er virt, að enginn hefur orðið var við hávaða úr herbergi þeirra ákærða að Greniteigi 8 eða merkt, að átök áttu sér stað á milli þeirra, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun í umrætt sinn, enda mælir vottorð læknis ekki þessu gegn. Roðablettir, sem fundust á hálsi A og á bringu, kunna að stafa af atviki því, sem ákærði hefur lýst, en sá framburður hans hefur ekki verið hrakinn. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í hér umræddri ákæru.

Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. A krafist kr. 2.000.000 í skaðabætur úr hendi ákærða vegna máls þessa, en með tilvísun til framangreindra úrslita ber einnig að sýkna ákærða af þessari kröfugerð.

II. I. Sunnudaginn 13. október 1974, kl. 1500, mætti á lögreglustöðina í Ólafsvík B, fædd . . . 1955, til heimilis . . .

Bar hún fram kæru þess efnis, að henni hefði verið nauðgað á Arnarstapa á Snæfellsnesi aðfaranótt 5. ágúst næstan á undan.

B skýrði svo frá, að hún hefði farið á dansleik á Arnarstapa sunnudagskvöldið 4. ágúst 1974 ásamt fleiri unglingum. Neytti hún þar smávegis áfengis, en varð ekki mjög ölvuð. Dansaði

hún við nokkra af samkomugestunum og var að skemmta sér, eins og gengur og gerist. Nokkru áður en dansleiknum lauk, sat hún á stól inni í danssal og við hliðina á henni piltur, sem kall-
aður var Gulli og var frá Keflavík. Kvað hún þau hafa farið að tala saman, en síðan að dansa. Sagði hún Gulla þennan þessu næst hafa boðið sér upp í tjald til sín og hefðu þau farið þangað. Var þar enginn fyrir. Fóru þau að kela og kyssast, og kvað B hann hafa reynt að komast yfir sig, en hún ekki viljað.

Í lögregluskýrslunni segir síðan orðrétt: „Tók hann mig þá og henti mér á grúfu ofan á svefnpokann, svo ég náði ekki and-
anum. Fór ég þá að berjast á móti og gat snúið mér og kallað á hjálp. Hótaði hann þá að drepa mig, ef ég héldi ekki kjafti. Tók hann þá um barkann á mér og þrýsti að, svo ég náði ekki andanum. Þá þóttist ég verða máttlaus til að vita, hvort hann myndi ekki hætta, en hann hélt áfram, þar til ég missti með-
vitund.“ B kvaðst hafa rankað við sér eftir nokkurn tíma og hefði Gulli þessi þá verið farinn úr tjaldinu. Var þá búið að færa hana úr utanyfirbuxum og nærbuxum, og lágu þær innst í tjald-
inu. Gerði hún sér grein fyrir, að samfarir höfðu verið hafðar við hana. B sagðist hafa klætt sig í snatri og farið að reyna að útvega sér far heim, en dansleiknum var þá lokið. Það hefði ekki tekist og hún þá gengið upp í tjald til K og síðan niður að söluskúrnum við samkomuhúsið. Kom þá til hennar piltur og spurði hana, hvað væri að, og kvaðst B hafa sagt honum það. Fóru þau að leita að Gulla og fundu hann, en þeir voru þá kunn-
ingjar, piltarnir. Kvað hún piltinn hafa rætt um þetta við Gulla, en hann kennt henni um þetta allt. Hann hefði viðurkennt að hafa haft samfarir við hana, en ekki hefði hann nauðgað henni. B sagðist síðan hafa haldið í burtu og fundist þetta svo skammar-
legt, að hún þorði ekki að kæra þetta til lögreglunnar, sem var á staðnum.

B kvaðst hafa verið lengi að ná sér í hálsinum og varla getað kyngt matnum, sem hún borðaði. Einnig hefðu æðar í vinstra auga sprungið, og var rauður blettur í því í nokkra daga á eftir. Hún kvaðst hafa orðið ófrísk eftir nauðgunina, og í samráði við héraðslækninn í Ólafsvík var fósturin eytt á sjúkrahúsinu á Akranesi.

B lýsti margnefndum Gulla svo, að hann væri dökkhærður með krullað hár, frekar stór og þrekinn.

Við réttarrannsókn í máli þessu skýrði B svo frá, að hún hefði komist að því, hver Gulli væri, með þeim hætti, að vinkona

hennar í Ólafsvík hefði sagt henni það, að „þessi strákur á rauðu peysunni“ hétu Gulli og væri hann úr Keflavík. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, nversu lengi hún var meðvitundarlaus í tjaldinu. Hún kvaðst heldur ekki geta gert sér grein fyrir því, hvernig nauðgunin fór fram, en taldi víst, að hún hefði orðið þunguð af völdum þessa Gulla í umrætt skipti og kæmi þar enginn annar til greina. Auk áðurnefndra áverka kvaðst B hafa haft marbletti á hálsinum, aðallega hægra megin, en einnig vinstra megin og hafi þar verið greinilegt far eftir finger.

Við réttarrannsóknina lýsti B Gulla þessum svo, að hann væri hár vexti með eðlilegt holdafar, dökkhærður með sítt, hrokkið hár, skegglaus, ca 22 ára að aldri. Hún skýrði enn fremur svo frá, að hún hefði farið á dansleik í Röst á Hellissandi í október 1974 með D frá Ólafsvík. Var þá í miðasölunni maður, sem B fékk seinna að vita, að væri kallaður Gulli úr Keflavík. Kvaðst hún ekkert hafa kannast við hann, er hún sá hann í miðasölunni, enda hefði hún ekkert veitt honum sérstaka athygli. U. þ. b. er dansleiknum lauk, sá hún mann þennan vera að dansa við nefnda D. Að dansleik loknum kvaðst B hafa farið í einkahús á Hellissandi ásamt fleira fólki. Sagði hún mennina úr hljómsveitinni hafa komið þangað líka og með þeim þessi Gulli. Sagðist hún hafa spurt hann, hvar D væri, en hann hefði ekki kannast við neitt og ekki sagst hafa dansað við hana. Ekki kvaðst B hafa kannast við Gulla þennan sem manninn, er nauðgaði henni á Arnarstapa, enda hefði hann nú verið miklu feitari og með styttra hár, en dökkt. B kvaðst ekki vita, hvaða piltur það var, er hún hitti við söluskúrin og var kunningi títtnefnds Gulla. Hún mundi ekki heldur, með hvaða fólki hún fékk far til Ólafsvíkur um nóttina.

Ákærði kvaðst hafa verið á umræddum dansleik. Hefði hann neytt þar áfengis og orðið talsvert ölvaður. Sagðist hann hafa hitt þar stúlku nokkra, og bauð hann henni upp í tjald til sín. Mundi hann lítið eftir því, hvað gerðist í tjaldinu, en sagðist þó muna, að hann hefði haft samfarir við stúlku þessa. Ekki minntist hann þess að hafa beitt stúlkuna ofbeldi, en mundi, að hann hefði hitt stúlkuna síðar um nóttina og hún þá borið upp á hann nauðgun, en hann hefði bara gengið í burtu. Ákærði kvaðst ekkert hafa dansað við stúlku þessa á dansleiknum og sagðist ekki vita nafn hennar. Hann sagði stúlku þessa vera hina sömu og hann hitti í gleðskap að Hóli, Hellissandi, aðfaranótt 14. október 1974.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt áverka þá, sem B nefnir í skýrslu sinni, og sagði þá alls ekki vera af sínum völdum.

Fyrirnefndur K bar fyrir dómi, að hann hefði verið á „Prím-usarmessu“ á Arnarstapa um verslunarmannahelgina árið 1974. Var hann þar í tjaldi ásamt unnustu sinni. Eftir lok dansleiks að kveldi sunnudagsins 4. ágúst, líklega kl. 2—3 um nóttina, kom B í tjaldið til þeirra og sagði þeim, að henni hefði verið nauðgað. Kvað K hana hafa verið grátandi, er hún kom, en ekki mundi hann, hvort hún hafði sýnilega áverka, og heldur ekki, hvernig fót hennar litu út. Að sögn K dvaldist B hjá þeim í allt að einum klukkutíma, meðan hún var að jafna sig. Var tjaldið opið, og sáu þau út. Benti hún þeim þá á mann, er gekk fram hjá, og sagði, að þetta væri maðurinn, sem hefði gert henni þetta. Sagðist K ekkert hafa þekkt manninn, en hafa séð honum bregða fyrir nokkrum sinnum dagana, sem „messan“ stóð. Sagði hann þau hafa kvatt B til að segja lögreglunni frá þessu, en ekki vissi hann, hvort hún gerði það. Eftir að B hafði jafnað sig, fór hún í burtu, og kvað hann þau ekki hafa séð hana meira þarna.

L, búsett í Ólafsvík, kvað B hafa komið til sín á mánudagsmorgninum 5. ágúst 1974 og sagt sér, að henni hefði verið nauðgað. Hefði hún verið hálfvolandi og borið sig illa. Hefði hún lýst L svo frá atvikum, að hún hefði verið á Arnarstapa. Hefði þá komið til hennar maður og boðið henni upp í tjald til áfengisdrykkju. Hefði hún álpast með honum inn í tjaldið og hann án umsvifa ráðist á hana og gripið hana kverkataki. Hefði hún liðið út af og hann komið vilja sínum fram við hana, meðan hún var meðvitundarlaus. L sagði B hafa sýnt sér marbletti báðum megin á hálsinum til sannindamerkis um kverkatakið, og einnig sagðist hún hafa séð rispu á hlið B, öðrum megin á hálsinum.

Dómarinn gerði athugun á þeirri staðhæfingu B, að hún hefði orðið ófrísk eftir hina kærðu nauðgun og að hún hefði látið eyða fóstρινu. Héraðslæknirinn í Ólafsvík upplýsti, að skv. sjúkradagbók hefði B leitað læknis 2. sept. 1974. Greindi hún þá frá því, að hún væri þunguð og hefði haft samræði við mann gegn vilja sínum snemma í ágúst, eða um verslunarmannahelgina. Óskaði hún eftir, að gerð yrði á sér fóstureyðing, og var sótt um fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, þar sem B var einstæð móðir með eitt barn. Var fóstureyðingin síðan heimiluð og framkvæmd 9. september 1974 á sjúkrahúsi Akraness. Svaraði þá legstærð til um 8 vikna þungunar, sem kom heim og saman við getnað um mánaðamótin júlí—ágúst.

Yfirlæknirinn á sjúkrahúsi Akraness upplýsti, að fóstureyðing hefði farið fram á B þann 9. september 1974. Hefði stærð legsins þá alveg getað passað við síðustu tíðablæðingar hennar og einnig, að hún hefði orðið ófrísk um mánaðamótin júlí—ágúst, byrjun ágúst eða jafnvel 5. ágúst. Í bréfi yfirlæknisins er síðan rakin greinargerð þáverandi héraðslæknis í Ólafsvík til yfirlæknisins varðandi B, en henni lýkur svo: „Þekkir ekki núverandi barnsföður, samræðið að sögn nauðgun. Núverandi barnsfaðir ekki sá sami og faðir sonar hennar. Fjölskylda B sér enga möguleika til að taka við barni nú.“

Niðurstaða.

Kærandi máls þessa, B, kom ekki fram með kæru sína fyrr en tæplega 2½ mánuði eftir að það kærða atvik átti sér stað. Hún gat ekki nafngreint hinn meinta brotaman, og lýsing hennar á honum er mjög almenn. Auk þess er B ekki alveg sjálfri sér samkvæm í lýsingunni. Ákærði var staddur á Arnarstapa á umræddum tíma og var á nefndum dansleik. Hann hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stúlku nokkra í tjaldi sínu þessa nótt, og eru líkur á, að um B sé að ræða. Fóru þær fram með fúsum vilja stúlkunnar að sögn ákærða. Læknisskoðun fór ekki fram á B vegna atviks þessa, og einungis eitt vitni hefur borið að hafa séð áverka á hálsi hennar morguninn eftir umrætt atvik. Af öllu þessu virtu þykja nægar sönnur eigi vera fram komnar fyrir sekt ákærða í umrætt sinn, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar, sem að þessu lýtur.

II. II. Þennan sama dag, þ. e. sunnudaginn 13. október 1974, kom M nokkur til lögreglunnar í Ólafsvík og tilkynnti, að systir hennar, D, fædd . . . 1953, lægi mjög illa farin eftir mann, sem gert hefði tilraun til að nauðga henni um nóttina áður í félagsheimilinu Röst, Hellissandi. Kvað hún D óska eftir því, að lögreglan kæmi heim til hennar og færði hana til læknis, svo og ætlaði hún að leggja fram kæru í málinu. Lögregluþjónninn Adolf Steinsson segir í skýrslu sinni, að hann hafi farið strax á staðinn. Hafi D legið uppi í rúmi og verið býsna illa útlítandi. Hafi hægri vangi hennar verið mjög bólginn, vinstra auga mjög bólg-ið og marið og einnig hefðu fingraför verið sjáanleg á hálsi D. Færði lögregluþjónninn D umsvifalaust í læknisskoðun, en síðan kom hún á lögreglustöðina og kærði ákærða fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar.

D segir í kæruskýrslu sinni, að hún hafi verið á dansleik í Röst, Hellissandi, kvöldið áður. Hafi hún dansað mikið við strák, sem var „rótari“ með hljómsveitinni Júdas, en sú hljómsveit lék fyrir dansinum. Var strákurinn kallaður Gulli. Hún kvað hann hafa boðið sér upp á glas, skömmu áður en dansleiknum lauk, og hefði hún þegið það. Hefðu þau farið bak við senuna, þar sem hljómsveitin lék, og síðan niður í kjallara og inn í herbergi nokkurt. Hefðu þau sest á dýnu, sem þar var. Sagði hún ákærða hafa tekið utan um sig og hefði hún kysst hann nokkrum sinnum, en hann síðan gerst aðgangsharður og frekur. Ekki kveðst hún hafa viljað láta eftir honum og hefði hann þá slegið hana marg oft í andlitið og hún þá hálf rotast, en einnig hefði hann tekið hana kverkataki. Ekki kvaðst D hafa misst meðvitund, meðan á þessu stóð, en hana hefði svimað og fundist hún vera að kafna. D sagði ákærða síðan hafa rifið sig úr buxunum og reynt að koma fram vilja sínum við hana, en hún kvaðst halda, að honum hefði ekki tekist það. Hefði hann verið með liminn við kynfæri hennar, en hún taldi, að ákærði hefði ekki komið honum inn í þau. Annars sagðist hún ekki geta gert sér grein fyrir þessu, þar sem hún hafi verið svo hrædd og máttfarin. Hún kvaðst hafa veitt móttþróa eftir mætti, en það hefði ekki dugað til. Hefði hún gripið til þess ráðs að leika sig meðvitundarlaus og hefði ákærði þá hætt að eiga við hana, staðið upp og gengið í burtu. Kvaðst hún síðan hafa staðið upp, klætt sig í utanyfirbuxurnar og hlaupið út úr húsinu bakdyramegin. Nærbuxur sínar hefði hún ekki fundið, enda hefði hún verið hrædd og flýtt sér svo mikið að komast í burtu.

D kvaðst hafa hitt N, þar sem hún var á bíl þarna fyrir utan húsið. Hefði hún beðið hana að aka sér til lögreglunnar, sem þarna var skammt frá í lögreglubífreið. Kvaðst D hafa sagt lögreglunni frá atburði þessum, en ekki lagt fram kæru. Sagði hún jafnframt, að hún hefði verið í svo mikilli geðshræringu eftir atburðinn, að hún hefði ekki haft rænu á því að biðja lögregluna um að koma sér til læknis.

Ákærði hefur eindregið neitað þessum sakargiftum D. Hann kvaðst á margnefndum dansleik hafa dansað mikið við stúlku eina, sem hann vissi ekki nafn á. Hefði hann boðið henni áfengi og hún þegið eina blöndu. Síðan hafi þau farið niður í kjallara hússins, og var það að frumkvæði stúlkunnar að sögn ákærða. Í kjallaranum hefðu þau sest á dýnu nokkra þar og spjallað saman, en síðan hefðu þau haft samfarir með fullum vilja hennar.

Hefði hann ekki beitt hana nokkrum hótunum eða þvingunum. Ákærði kvað þau hafa dvalist í kjallaranum nokkra stund, en hann hefði síðan farið á undan henni upp að ósk hennar.

Við frekari réttarrannsókn í málinu greindi ákærði nánar svo frá, að eftir að þau höfðu dansað saman, hefðu þau farið upp á sviðið til hliðar við hljómsveitina, þannig að líklegast hafi ekki sést til þeirra fram úr danssal. Hefðu þau dvalist þarna í 20—30 mínútur og látið vel hvort að öðru. Sagði hann hana síðan hafa stungið upp á því, að þau færu saman niður í kjallara hússins, sem þau gerðu. Í herbergi þar niðri hefðu þau „kel-að“, en síðan haft samfarir með fúsum vilja hennar. Að þeim loknum kvaðst ákærði hafa klætt sig og gengið út úr herberginu. Hefði hún þá verið að klæða sig.

Ákærði kvaðst síðan hafa aðstoðað hljómsveitina við að ganga frá hljóðfærum sínum og koma þeim fyrir í bíl, og taldi hann, að hann hefði dvalist í húsinu í u. þ. b. 45 mínútur, eftir að samfarirnar áttu sér stað. Kvaðst hann ekkert hafa séð til stúlkunnar á þessum tíma.

Ákærði neitaði því eindregið að eiga sök á meiðslum stúlkunnar og kvaðst ekki geta gefið skýringu á þeim. Sagði hann, að eftir að búið var að koma fyrir hljóðfærunum í bílnum, hefði hann ásamt öðrum haldið í gleðskap, sem haldinn var í húsi nokkru. Stöldruðu þeir þar við í 10—15 mínútur. Á leið út úr húsinu aftur kvaðst hann hafa hitt stúlkuna, sem var á leið inn í húsið í fylgd einhvers manns. Hefði maðurinn kallað til þeirra ákærða og rætt eitthvað við samferðamann hans, sem ákærði fylgdist ekki með, hvað var. Sagðist ákærði ekkert hafa rætt við stúlkuna þarna og ekki tekið eftir neinum meiðslum í andliti hennar.

O, Keflavík, starfaði með hljómsveitinni Júdas, er lék á dansleiknum í umrætt sinn. Kvaðst hann hafa séð ákærða og stúlku nokkra liggjandi á dýnu á sviðinu til hliðar við hljómsveitina. Hefðu þau byrjað að kyssast og kjassast, en skammri stund síðar kvaðst O hafa séð, hvar ákærði var kominn með aðra hönd sína innundir buxnastræng stúlkunnar og milli fóta hennar. Kvað hann stúlkuna nokkrum sinnum hafa ýtt hendi ákærða frá, en hann jafnskjótt komið með hana aftur, og kvaðst O ekki hafa getað betur séð en stúlkan hefði ekkert á móti þessu að lokum. Sagðist hann hafa sagt við stúlku, er með honum var: „Heldurðu að það sé“ eða eitthvað í þá áttina.

O kvaðst síðan hafa horfið frá, en komið aftur að liðnum 10—15

mínútum. Hefðu ákærði og stúlkan þá verið horfin. Eftir u. þ. b. tíu mínútna dvöl þarna uppi kvaðst hann hafa þurft að fara á salernið og þá farið niður í kjallara hússins, þar sem næsta salerni var, sem hann vissi um, en fyrir framan salernið er herbergi. Hefði herbergi þetta verið læst og hann því snúið frá, en engin hljóð eða tal hefði hann heyrt úr herbergi þessu. Nokkru eftir að dansleiknum var lokið, sá hann ákærða aftur, og veitti hann aðstoð við að ganga frá hljóðfærunum.

O kvaðst strax hafa rennt grun í, að ákærði hefði verið í læsta herberginu með stúlkunni, og hefði hann því spurt hann, er hann birtist, hvort hann hefði verið „með“ stúlkunni, og hefði ákærði þá svarað því játandi.

P hljómlistarmaður, Ytri-Njarðvík, lék í nefndri hljómsveit í umrætt sinn. Hann kvaðst ekkert hafa fylgst með ákærða á dansleiknum eða haft sérstakt auga með honum. Eftir dansleikinn héldu meðlimir hljómsveitarinnar og fleiri í hús nokkurt á Hellissandi. Hefðu þeir staldrað við þar í 10—15 mínútur, og á leið sinni út úr húsinu minntist P þess að hafa hitt pilt nokkurn og stúlku, sem hann taldi, að hefðu verið á dansleiknum, en þekkti að öðru leyti ekki neitt. Hefði hann rætt eitthvað lítillega við fólk þetta, en um hvað, mundi hann ekki. Ekkert athugavert hefði hann séð á stúlku þessari, en tók jafnframt fram, að niðamyrkur var. P kvað einhvern hafa gengið með sér út úr húsinu að bílnum, en hver það var, mundi hann ekki.

R, . . ., Ólafsvík, kvaðst hafa farið bak við á sviðinu á umræddum dansleik og séð þá, hvar D og ákærði lágu á dýnu og voru að kyssast. Einnig hafi verið þarna maður að nafni J, sem R kvaðst strax hafa farið að tala við, en síðan, mjög fljótlega, héldu þau fram að dansa. Ekki sagðist R hafa farið á bak við sviðið aftur um kvöldið eða nóttina og ekki séð D aftur í þetta sinn.

Áðurnefnd N sagðist í umrætt sinn hafa verið að aka upp götu þá, sem félagsheimilið stendur við, er D kom hlaupandi að bifreiðinni og kallaði til hennar. Kvaðst hún í fyrstu ekki hafa borið kennsl á hana, þar sem hún var svo illa farin í andliti, bólgin og rispuð og eitthvað blóðug. Gat D varla komið upp orði fyrir gráti og ekka, en sagði þó, að einhver strákur hefði ráðist á sig. Hefði hún beðið hana að keyra sig til Ólafsvíkur, en ekki kvaðst N hafa treyst sér til þess, þar sem bíll hennar var að verða bensínlaus. Rétt á eftir sá hún til ferða lögreglubifreiðarinnar og ók D þangað. N kvaðst þekkja D vel.

Steingrímur Þórarinnsson lögregluþjónn kvaðst hafa farið í umrætt herbergi að morgni 13. október 1974 skömmu fyrir hádegis. Fann hann þar kvenmannsnærbuxur og kuldastígvél og bómullarhnoðra, sem D kannaðist við að eiga. Voru hlutir þessir heilir og óskemmdir. Ekkert blóð var sýnilegt og engin merki átaka. Steingrímur taldi ólíklegt, að nokkur hefði komið í herbergið um morguninn á undan honum og ljósmyndara, sem hann fékk til myndatöku af vettvangi.

Lögregluþjónn þessi kom síðan aftur fyrir rétt út af máli þessu. Sagði hann þá, að við nánari athugun sína hefði komið í ljós, að ljósmyndatakan fór ekki fram fyrr en seinni hluta mánudagsins 14. október 1974. Áður en myndirnar voru teknar, var umbúnaður í herberginu lagfærður og dýnan og stólarnir sett í það horf, sem venja stóð til. Minnti lögregluþjónninn, að einhver röskun á hlutum þessum hefði átt sér stað.

Eins og áður er getið, skoðaði lækni D út af atviki þessu. Í upphafi áverkavottorðs hans, dags. 15. október 1974, segir, að D hafi komið á lækningastofuna í Ólafsvík kl. 1000 að morgni 13. s. m. Síðan segir orðrétt:

„Frásögn hennar þennan morgun:

Á dansleik í Röst á Hellissandi aðfaranótt 13.10. '74, klukkan um 2, reyndi maður nokkur að hafa kynferðisleg mök við hana gegn vilja hennar, aftan við sviðið. Þar sem hún vildi þetta ekki, þá barði hann hana á hægri kjálka, v. gagnauga og v. öxl, einnig reyndi hann að svæfa hana með því að þrýsta á slagæðarnar á hálsinum, að hennar sögn. Hún heldur því fram, að hann hafi reynt að rota hana með þessum höggum. Hann náði ekki að hafa mök við hana, sem hann reyndi aftan frá. Að hennar sögn voru kynfæri hans útbyrðis. Hún heldur, að hann hafi ekki lokið sér af. Eitthvað komst hann inn undir buxur hennar aftan frá.

Hún lést láta líða yfir sig, en þá hætti hann, að hennar sögn. Hún var undir áhrifum vins þessa nótt, að hennar sögn.

Líkamsskoðun gerð að morgni kl. 10.30, 13.10. '74:

Hægri kjálki: Mikið bólginn og nokkuð marinn að sjá, um 10 cm. svæði. Hreyfingar eru hindraðar um kjálkaliði, og getur hún ekki opnað munninn til fulls. Bitið virðist eðlilegt. Ekki er hægt að sjá brot á röntgenmynd né við skoðun. Hún er mjög aum á þessu svæði.

Vinstri kinn: Ofarlega á kinn, við kinnbeinið er mar, um 6 cm. á breidd. Hún er mjög aum þar. Hún virðist ekki brotin þar.

Háls: Smárispa er framan og til hliðar vinstra megin. Ekki

eru að sjá önnur merki um áverka utan á hálsi. Hún er mjög aum framan og til hliðar báðum megin á hálsi, þegar þrýst er þar á.

Vinstri öxl: Um 5 cm. langt mar er á öxlinni, framan til nálægt enda viðbeinsins. Lítil eymsli eru þar og engin hreyfingarhindrun.

Kynfæri og endaparmur: Ekki er að sjá nein merki um áverka, nema innan á vinstra læri nálægt labia major er nýleg rispa um 4 cm. löng. Vagina lítur eðlilega út. Gamalt ör með hreistri er á hægri rasskinn.

Almennt um líkamlega skoðun: Gerð var nákvæm skoðun, og kom ekki annað athugasvert í ljós.

Þann 14.10. '74, kl. 20.30, kom fyrrnefnd stúlka á lækningastofuna í Ólafsvík. Ástæða komu hennar var, að andlegt ástand hennar var ekki gott, og einnig hafði hún verki í kjálkanum. Nú sagðist hún verða hrædd við að verða ólétt. Spurði ég hana þá, hversvegna hún héldi það, þar sem hún hafði sagt áður, að hann hefði ekki náð að hafa kynferðisleg mök við hana. Hún taldi sig hafa verið svo ruglaða þennan morgun, að hún hefði gleymt einhverju. Nú taldi hún, að hún hefði líklega rotast og hann hefði náð að klæða sig úr buxunum, því buxurnar voru niður um hana, þegar hún rankaði við sér. Hún veit ekki, hvað skeði á meðan.“

Framburður D á sér stoðir í vætti N, áverkavottorði læknisins og lýsingu lögregluþjóns af vettvangi. Þykir hann allur vera miklu sennilegri en framburður ákærða og veita sönnun þess, að samskipti þeirra í kjallaraherberginu umrædda nótt voru ekki með þeim hætti sem ákærði vill vera láta. Ákærði hefur borið, að hann hafi haft samfarir við D umrædda nótt. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um tilraun til nauðgunar og þar með brotið gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er háttsemi þessari rétt lýst í ákæru.

Í ákærunni, sem varðar þessi tvö atvik, er ákærði nefndur Guðleifur Kristján Sveinsson. Hér er um bersýnileg mistök að ræða, enda leikur ekki vafi á, að átt er við ákærða Guðleif Svein að öðru leyti. Kemur þetta því ekki að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

III. Sunnudagskvöldið 2. október sl. kærði E, . . ., Garðabæ, fædd . . . 1957, nauðgun, sem átt hefði sér stað í bifreið við X-götu í Reykjavík nóttina áður. Skýrði hún svo frá, að hún

hefði farið á dansleik í Sigtúni kvöldið áður ásamt vinkonum ssinum. Neyttu þær allar áfengis, og kvaðst E hafa orðið talsvert mikið ölvuð. Að dansleik loknum, um kl. 0200, héldu þær í fyrstu hópinn, en síðan sagðist E hafa farið upp í bifreið hjá fólki, sem hún lítið sem ekkert kannaðist við. Ekki mundi hún glögglega, hvernig það gerðist vegna ölvunar sinnar. Hún mundi þó, að í bílnum voru tveir karlmenn, og þekkti hún annan þeirra sem S hljómlistarmann, en hinn kannaðist hún ekkert við. Auk þeirra voru í bílnum tvær stúlkur, sem E þekkti ekki.

E kvað bifreið þessa hafa verið fjögurra dyra, stóra og dökka að lit að utan. Ekki gat hún lýst henni að innan, en hana minnti þó, að bílsætið hefði verið heilt að framan, en ekki stólar. Kvað hún karlmennina hafa setið í framsæti, en þær þrjár stúlkurnar í aftursæti, var síðan ekið af stað, en ekki mundi hún, hvert var ekið. Eftir að ekið hafði verið um nokkrar götur, þá fóru báðar hinar stúlkurnar út úr bifreiðinni, en þau þrjú urðu eftir. Var síðan haldið áfram og stöðvað í götu ekki langt frá Landspítalanum. Taldi E sig nokkuð vissu um, að stöðvað hefði verið við X-götu 10 eða 14. Er komið var að þessu húsi, kvað E S hafa farið úr bifreiðinni og var meiningin, að þau hin færu einnig úr henni. Sagðist E þá hafa séð, að hinn pilturinn, sem hafði ekið bifreiðinni, var sjáanlega undir áfengisáhrifum, og lét hún þá vanþóknun sína í ljós við hann. Hefðu þau rætt um þetta atriði og pilturinn á meðan komið aftur í bifreiðina til E. Kvað hún hann strax hafa farið að reyna við sig. Hefði hann hallað henni út af í sætið, og kvaðst E ekki geta fullyrt, að hún hefði haft á móti því. Ekki mundi hún þó það fyrir víst.

E kvað piltinn strax hafa farið með hönd sína undir pils hennar, eftir að hann hafði lagt hana út af, og reynt að ná niður um hana sokkabuxunum. Var henni þá fyrst ljóst, að hann ætlaði að hafa við hana samfarir, og sagðist hún hafa kallað til hans að láta sig vera. Reyndi hún einnig að rísa upp og stjaka honum frá sér. Greip hann þá með annarri hendi um háls hennar, þannig að hún átti erfitt með að anda. Fann hún, að hann herti á takinu, og voru fingur hans beggja vegna undir kjálkabörðunum. Jafnframt þessu reyndi hann að ná niður um hana buxunum, en er hún reyndi að varna því, tók hann um háls hennar. Varð hún hrædd og gafst upp við að streitast á móti og leyfði honum að klæða hana úr buxunum. Minnti hana, að hún hefði lyft sér upp til að auðvelda það.

E mundi ekki, hvenær pilturinn afklæddist, en það var, á

meðan á þessu stóð, og tók hann buxurnar niður um sig að nokkru leyti. Lagðist hann síðan ofan á hana og fann hún, að honum var risið hold. Kvaðst hún hafa reynt að halda fótunum saman, en hann þá alltaf tekið um háls hennar. Sagðist hún þá hafa látið undan honum og leyft honum að hafa við sig samfarir í því skyni að sleppa sem fyrst frá honum. Setti hann lim sinn í kynfæri hennar og hafði samræðishreyfingar á venjulegan hátt. Meðan á því stóð, kvaðst E hafa fundið annan skóinn sinn á gólfinu og hefði hún tekið hann í höndina og slegið piltinn nokkur högg aftan á höfuðið með skónum, en hún taldi högginn þó hafa verið hálfmáttlaus. Tók hann aftur um háls hennar, og lét hún enn undan vilja hans. Ekki mundi E, að pilturinn hefði talað annað til hennar en að hann spurði, er hann tók um háls hennar, hvort hún ætlaði að vera góð.

Meðan pilturinn var að, sagðist E hafa dottið í hug að spyrja hann, hvort þau ættu ekki að fara inn í húsið og hafa samfarir þar, í því skyni að geta losnað frá honum. Kvaðst hún hafa getað sannfært hann um, að hún ætlaði að halda áfram samförum með honum inni í húsinu og hefði hann þá hætt. Lagaði hún fót sín og fór í engu óðslega. Beið pilturinn eftir henni utan bifreiðarinnar. Í sömu mund kom S út úr húsinu, og kvaðst E þá hafa notað tækifærið og hlaupið á brott. Hefði hún hlaupið sem leið liggur á fæðingardeild Landspítalans, og varð hún vör við, að þeir komu hlaupandi á eftir. Þegar hún kom að dyrum fæðingardeildarinnar, sá hún þá standa á horni Barónsstígs og Mímisvegar. Þarna hringdi E á dyrasíma og bað um að sér yrði hleypt inn, þar sem verið væri að elta sig. Var hún þá spurð, hvort hún væri að fara að fæða, sem hún neitaði. Sá hún jafnframt, að piltarnir voru horfnir til baka og þakkaði hún þeirri stúlku fyrir, sem svarað hafði. Hélt E síðan suður fyrir húsið og niður á Hringbraut. Þar stöðvaði fljótlega bifreið, og var henni boðið upp í hana. Í henni voru tveir piltar og ein stúlka. Óku þau nokkuð um bæinn, en síðan var E ekið heim.

E sagðist engin deili þekkja á piltinum, sem þarna hafði samfarir við hana nauðuga, og efaðist hún, að hún þekkti hann aftur. Hún kvað hann vera dökkhærðan með meðalsítt hár, í meðallagi háan, grannvaxinn, sennilega liðlega tvítugan og hefði hann notað gleraugu. Nánar kunni hún ekki að lýsa honum.

Nefndur S hljómlistarmaður, . . ., Reykjavík, kvaðst hafa verið að spila í Sigtúni laugardagskvöldið 1. október 1977. Hefði hann fljótlega farið að neyta áfengis og verið orðinn mjög ölvað-

ur, er dansleiknum lauk, um kl. 0200. Mundi hann vart nokkuð eftir þann tíma. Hann kvaðst hafa gefið vini sínum talsvert af áfengi því, sem hann keypti þarna um kvöldið, og var hér um ákærða að ræða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa þröngvað stúlku til holdlegs samræðis við sig í bifreið, er stóð við X-götu í Reykjavík aðfaranótt 2. október sl. Jafnframt viðurkenndi hann að hafa tekið stúlkuna kverkataki, á meðan hann hafði samfarir við hana án hennar vilja.

Ákærði greindi nánar svo frá atvikum, að hann hefði verið í veitingahúsinu Sigtúni umrætt laugardagskvöld og verið nokkuð ölvaður. Hefði S veitt honum áfengi. Eftir að dansleiknum lauk, fóru þeir S út í bifreið ákærða, sem er af gerðinni Volvo Amason, dökkgræn að lit. Kvaðst ákærði þá hafa verið mjög ölvaður, en settist þrátt fyrir það undir stýri, en S í farþegasætið fram í. Ákærði kvað þá hafa séð nokkrar stúlkur saman í hóp við húsið, og kölluðu þeir til þeirra og buðu þeim í bílinn. Kvaðst hann enga þeirra hafa þekkt. Komu fyrst þrjár stúlkur og settust í aftursætið, en síðan hefði sú fjórða bæst við, er þeir sögðust ætla að bjóða henni í gleðskap. Ók ákærði síðan af stað, og var ferðinni heitið að X-götu 14. Á leiðinni þangað bað einhver stúlkan hann að aka að Sjómannaskólanum, og gerði hann það. Þar fóru þrjár þeirra út úr bifreiðinni og hurfu á brott. Ók ákærði síðan sem leið lá að X-götu 14. Fór S út úr bifreiðinni inn til sín, og er ákærði var einn eftir með stúlkunni, ákvað hann að reyna við hana. Settist hann í aftursætið hjá henni og fór að kela við hana. Fannst honum hún ekkert hafa á móti því. Fór hann með hendurnar undir pilsíð og reyndi að ná henni úr sokka- og nærbuxunum, og fannst honum það ekkert ganga erfiðlega. Síðan setti hann lim sinn inn í kynfæri hennar og ætlaði að hafa við hana samfarir, en þá fékk hún fljótlega eitthvert móðursýkiskast og fór að berjast á móti. Vildi ákærði þá ekki hætta og greip til þess ráðs að taka kverkataki á henni með hægri hendi og halda henni þannig niðri. Hann kvað stúlkuna hafa brotist um með fótunum og reynt að kasta honum af sér. Hann vissi, að hann hélt mjög fast um háls hennar og trúlega hefði hún hlotið meiðsl af.

Ákærði kvað stúlkuna hafa sagt við sig, hvort þau ættu ekki að fara inn í húsið og ræða betur saman þar, og hefði hann fallist á það. Lét hann af samförunum og girti buxurnar upp um sig, en fór síðan út úr bifreiðinni að húsdyrnum. Um leið og

S kom til dyra, hefði stúlkan hlaupið af stað austur fyrir hornið á húsinu. Hljóp S strax af stað á eftir henni, og fylgdi ákærði fast á eftir. Sáú þeir hana hlaupa að fæðingardeild Landspítalans, og náðu þeir henni þar. Sá ákærði, að hún var að hringja á einhverjum dyrabjöllum þarna, og varð hann þá talsvert hræddur og ákvað að forða sér í burtu. Héldu þeir S til baka að X-götu 14, en ekki mundi ákærði, hvort hann fór inn með honum eða ekki. Ekki mundi hann heldur, hvers vegna S fór strax á eftir stúlkuni, en hann kvað sennilegt, að hann hefði sagt eitthvað við hann, sem gaf honum tilefni til þess.

Jón Hannesson, læknir á kvennadeild Landspítalans, skoðaði E út af atburði þessum. Segir svo í vottorði hans:

„Við skoðun háttprúð, ung stúlka í góðu andlegu jafnvægi. Einu kvartanir eru særindi í hálsi og lítils háttar kyngingar-örðugleikar.

Áverkamerki: Greinilegir bleikrauðir blettir, fingurgómstórir, sinn hvorum megin á hálsi og framan á barka, sem virðast vel geta hafa orsakast af kverkataki með annarri hendi. Utanvert á hægri hné er að sjá rauðbrúna bletti, sem virðast vera gamlir marblettir. Aðra líkamsáverka er ekki að sjá, sérstaklega er ekki að sjá neina áverka á kynfærum, og ekki er að finna neitt sæði við smásjárskoðun. Meyjarhaft ekki til staðar.“

Með játningu ákærða og framburði E svo og læknisvottorði þykja fullar sönnur vera fram komnar um, að ákærði hefur í umrætt sinn þröngvað E til holdlegs samræðis með ofbeldi. Hefur hann með þessu atferli sínu, sem er rétt lýst í ákæru, brotið gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Aðfaranótt miðvikudagsins 15. desember 1976 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreiðin R 29378 væri að fara frá Umferðarmiðstöðinni og væri ökumaðurinn talinn ölvaður.

Lögreglumenn fóru að leita hennar, og er þeir óku vestur Hafnarfjarðarveg, sáu þeir nefnda bifreið, þar sem hún stóð á gamla Laufásveginum, skammt frá Hafnarfjarðarvegi. Skömmu áður en þeir komu að bifreiðinni, var henni ekið af stað nokkra metra, en síðan stöðvuð á ný. Höfðu lögreglumennirnir tal af þeim, sem undir stýri sat, ákærða í málinu, og fannst þá talsverður áfengisþefur af vitum hans. Var hann því færður fyrir varðstjóra á lögreglustöðina á Hverfisgötu, og neitaði ákærði að

hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en kvaðst hafa setið undir stýri hennar, og var vélin þá í gangi.

Ákærði viðurkenndi sama dag hjá rannsóknarlögreglunni og síðar fyrir dómi að hafa tekið umrædda bifreið í heimildarleysi, þar sem hún stóð mannlaus í innkeyrslu að hvítu húsi við Amtmannsstíg í Reykjavík. Var bifreiðin ólæst og lykill í ræsi hennar. Ók hann fyrst að Laugavegi 27, hafði þar skamma viðdvöl, og þar kom Róbert Emanúel Glad í bifreiðina. Ók ákærði síðan eins og leið lá að Umferðarmiðstöðinni og síðan austur gamla Laufásveginn, en þar hafði síðan lögreglan afskipti af þeim, eins og áður sagði. Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis fyrir akstur þennan.

Nefndur Róbert hefur í rannsóknarlögregluskýrslu staðfest framburð ákærða, að því leyti sem hann gat um borið.

Sama dag og mál þetta var til rannsóknar kærði Ingibjörg Sigurðardóttir Hafstað þjófnað á bifreið sinni, er hún hafði lagt kvöldið áður í innkeyrslu að húsinu Skólastræti 5 B, en ekið er inn frá Amtmannsstíg. Kvaðst hún hafa skilið lykilinn eftir í ræsi bifreiðarinnar og bifreiðina þar með ólæsta, þar sem hún ætlaði að ganga betur frá henni síðar um kvöldið, en sem síðan ekkert varð úr. Var hér um bifreiðina R 29378 að ræða.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, er ákærða var tekið í umrætt sinn í þágu rannsóknar málsins, mældist 1.72‰.

Með framburði ákærða sjálfs, niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar og öðru því, sem hér hefur verið rakið, er sannað, að hann hefur gerst sekur um heimildarlausu töku bifreiðarinnar R 29378 aðfaranótt miðvikudagsins 15. des. 1976 svo og um akstur hennar að undangenginni áfengisneyslu. Hefur ákærði þar með brotið gegn 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Við rannsókn á nauðgunarkærum B og D var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald og jafnframt gert að gangast undir geðrannsókn. Í skýrslu Jóns G. Stefánssonar læknis, dags. 11. apríl 1975, greinir læknirinn frá niðurstöðu rannsóknar sinnar á þá leið, að ákærði sé fremur óþroskaður og ótamin geðfarslega og sýni oft dómgreindarleysi. Jafnframt hætti honum til fljótræðnislegra verka. Engin merki sýni hann þó um meiri háttar geðsjúkdóm eða um það, að hann hafi verið eða sé ófær um að skilja afleiðingar verka sinna eða stjórna gerðum sínum. Kveður læknirinn

því ákærða vera sakhæfan frá geðlæknislegu sjónarmiði. Segir hann ekkert benda til, að í tilviki ákærða muni árangur refsingar bera síður árangur en almennt gerist.

Samkvæmt sakavottorði, útgefnu 30. maí sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 2. mgr. 155. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár frá 23/5 1972.
- 1971 22/10 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 30/5 í Keflavík: Sátt, 9.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 66. gr. tolllaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 8 mánuði frá 30/5 1972.
- 1973 20/8 í Keflavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 20/8 1973.
- 1973 19/10 í Keflavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 5., sbr. 4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970.
- 1974 18/1 í Keflavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1975 27/6 í Keflavík. Ávana- og fíkn.: Sátt, 51.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, en áður 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 2. gr. hegningarlaga.
- 1976 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/3 1974.
- 1977 30/11 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, alls 52 dagar.

Ákærði skal jafnframt dæmdur til ökuleyfisviptingar í 1 ár samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Gildir sviptingin frá 20. október 1977, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða. Eiga ítrekunaráhrif hér ekki við, þar sem ákærði framdi fyrri áfengis- og umferðarlagabrot,

áður en hann varð fullra 18 ára, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður hefur sett fram skaðabótakröfu f. h. áðurnefndrar E vegna þjáninga, að fjárhæð kr. 500.000 auk 13% vaxta frá nauðgunardegi, eins og segir í kröfugerðinni, til 21. nóvember 1977, 16% vaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% vaxta frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann innheimtubóknunar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Bótakrafan þykir ekki óhæfileg, eins og málið er vaxið, og skal hún því tekin til greina með þeim vöxtum, sem krafist er. Ákærði verður hins vegar ekki dæmdur til greiðslu innheimtubóknunar í opinberu máli.

Loks skal ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 80.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000.

Að lokum verður gerð nokkur grein fyrir rekstri máls þessa.

Málið vegna kæru A var þingfest 6. sept. 1974, en frekari meðferð þess var frestað, er fram komu kærur B og D. Þær kærur sættu fyrst dómsrannsókn í sakadómi Keflavíkur, en í desemberlok 1974 var málið sent sýslumanninum í Stykkishólmi til frekari dómsrannsóknar. Barst það til baka í september 1976. Ákæran var út gefin 27. janúar 1977, eins og áður er greint frá, frestað meðan beðið var ákæru vegna nauðgunarkæru E og ákæru vegna ölvunaraksturs ákærða á stolnum bíl.

Dómsorð:

Ákærði, Guðleifur Sveinn Kristjánsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, alls 52 dagar.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 20. október 1977.

Ákærði greiði E, . . ., Garðabæ, kr. 500.000 í miskabætur auk 13% ársvaxta frá 2. október 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.